

Upplýsingar um skólann fyrir forráðamenn nýnema
2018-2019



Ljósmynd: Sverrir Páll Erlendsson

VIRÐING
VÍÐSÝNI
ÁRANGUR

Efnisyfirlit

Skólasýn	4
Til foreldra/forráðamanna og nýnema í Menntaskólanum á Akureyri	5
Skólasetning og kynningarfundur 29. ágúst	5
FORMA.....	5
Skólinn	5
Þjónusta.....	5
Umsjónarkennarar	5
Hús skólans	6
Læstir skápar	6
Húsnæði skólans.....	6
Mataðstaða.....	6
Jöfnunarstyrkur	6
Tölvur og upplýsingatækni	7
Inna.....	7
Þráðlaust net	7
Office365	7
Prentun.....	7
Náms- og kennslumhverfi	8
Reglur um tölvunotkun:	8
Námið	8
Námsgreinar	8
Námsgögn.....	8
Nemendur sem ekki hafa lært dönsku	8
Nemendur sem þurfa aðstoð í námi	9
Tónlist.....	9
Námsmat	9
Námsmatsdagar	9
Miðannarmat.....	9
Námstími, þrjú til fjögur ár	9
Skóladagurinn.....	9
Skólareglur Menntaskólans á Akureyri.....	10
Almennar skólareglur	10
Reglur um bindindi	10
Áfengi og önnur vímuefni	10
Tóbakslaus skóli.....	10
Umgengni	10
Hegðun í tímum.....	10
Reglur um skólasókn.....	10
Leyfi frá skóla:	10
Leyfi vegna íþróttar:	11

Veikindi:	11
Veikindi í prófum:.....	11
Símat og vinnueinkunn:	11
Ábyrgð nemenda:.....	11
Heilsugæsluþjónusta	11
Dagatal.....	12
Félagslíf nemenda – skólafélagið Huginn	12
Að lokum.....	12
Frá náms- og starfsráðgjöfum	14
Umsókn um tímabundið leyfi frá skóla.....	15

Dírding - vísindis- - árangur

Skólasýn

Menntaskólans á Akureyri

Skólastarfið þroskar vísýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.

Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.

Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.

Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína.


Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu.

Skólastarfið eflir málvitund nemenda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.

Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig.



Til foreldra/forráðamanna og nýnema í Menntaskólanum á Akureyri

Skólasetning og kynningarfundur 29. ágúst

Skólasetning verður haldin í Kvosinni (samkomusal skólans) þann 29. ágúst kl. 9:30. Kynningarfundur fyrir foreldra/forráðamenn nýnema verður haldinn í **beinu framhaldi af skólasetningunni**. Markmiðið með honum er að kynna námið í skólanum og margs konar starf sem ætlað er að styðja við nýnema á fyrsta ári. Nemendur þurfa þó ekki síst á stuðningi og hvatningu foreldra að halda og er það álit okkar að þann stuðning sé auðveldara að veita þegar nokkur þekking á skólanum og starfi hans er fyrir hendi.

Dagskrá verður fyrir nýnema frá kl. 13 til 16. Þar verður meðal annars kynning á skólanum og á tölvuumhverfi MA í Kvosinni. Nýnemar eru beðnir um að koma með tölvur sínar og tæki og þiggja aðstoð við að koma þeim í samband við net og skrá sig inn í hin mismunandi kerfi. Þannig verður einfaldara að hefja störf umsvifalaust að morgni 30. ágúst. Athugið að nýnemar verða að hafa meðferðis allar upplýsingar um notandanafn, netfang og lykilorð, sem þeir fá sendar frá tölvudeild fyrir skólabyrjun, til þess að þetta gangi greiðlega.

Almanak skólans er á ma.is.

FORMA

Við skólann er starfandi foreldrafélagið FORMA og hefur verið frá 2003. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn í framhaldi af skólasetningu og þá er kosið í nýja stjórn. Stjórnin fundar reglulega yfir skólaárið og er Heimir Haraldsson náms- og starfsráðgjafi tengiliður skólans við félagið.

Skólinn

Þjónusta

Afgreiðsla skólans er opin alla virka daga á skólatíma frá kl. 08:00-14:00 en lokað í kaffi- og matartímum, 09:40-10:00 og 12:00-12:30. Sími í afgreiðslu er 455 1555 og netfang skólans er ma@ma.is. Á vef MA og í Innu er hægt að sjá að morgni hvort kennsla fellur niður í einhverjum greinum þann dag.

Nemendur eru hvattir til að nýta sér **bókasafn skólans**, bæði safnkost, þjónustu og aðstöðu. Á bókasafninu er gott að sitja og læra á milli tíma eða eftir skóla. Þar eru tölvur sem hægt er að nýta sér, einnig er hægt að skanna og ljósrita. Bókasafnsfræðingar aðstoða nemendur við heimildaleitir og kynna nemendum safnið í upphafi annar.

Flestar **kennslustofur** standa nemendum líka opnar utan kennslustunda þar til að húsum skólans er lokað.

Umsjónarkennarar

Allir nemendur eiga sinn umsjónarkennara. Í fyrsta og öðrum bekk eru alla jafna tveir umsjónarkennarar um bekk en einn með eldri bekkina. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara til að fylgjast með námi barna sinna.

Hús skólans

Læstir skápar

Fatahengi og skógeymslur eru ekki vöktuð en nemendur geta leigt læsta skápa í skólanum. Lyklar fást í afgreiðslu. Skápagjaldið er 5000 kr. en 4000 kr. fást endurgreiddar þegar lyklinum er skilað.

Húsnæði skólans

Hús skólans eru þrjú og innangengt á milli þeirra. Þau ganga undir nöfnunum Gamli skóli (G á stundatöflu), Hólar (H á stundatöflu) og Möðruvellir (M á stundatöflu). Á vef skólans má sjá [kort sem sýnir hússkipan](#).



Mataðstaða

Nemendur sem ekki eru íbúar á heimavistinni geta nýtt sér mótuneyti heimavistarinnar. Hægt er að kaupa stakar máltíðir, 10 miða kort eða skrá sig í fast fæði. Nánari upplýsingar er að finna á [vef Heimavistar](#). Nemendur reka litla sjoppu sem er opin í löngu frímínútum og í hádegishléi. Athugið að ekki er leyfilegt að borða nesti í kennslustundum nema með leyfi kennara. Sérstakar umgengnisreglur gilda á bókasafni og í verklegum stofum.

Jöfnunarstyrkur

Nemendur sem þurfa að stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk. Umsóknarfrestur á haustönn er til **15. október**. Nemendur geta sótt um styrkinn í gegnum heimabankann sinn, INNU og [island.is](#). Sjá einnig vef [Lánasjóðs íslenskra námsmanna](#).

Tölvur og upplýsingatækni

Í MA er mikil áhersla lögð á verkefnabundið og tölvustutt nám í ýmsum áföngum og því er mælt til þess að nýnemar hafi tiltækar fartölvur sem geta nýst við námið og samkvæmt reglum skólans um tölvunotkun. Allir nemendur fá eigið MA-netfang (@ma.is) og er ætlast til að þeir skoði póstinn sinn mjög reglulega. Einnig skiptir sköpum að nemendur skrái sig inn í áfangana sína í kennsluumhverfi skólans, Moodle, þar sem kennarar halda utan um námsefni og verkefni.

Upplýsingar um netfang og aðgangsorð verða sendar nýnemum og forráðamönnum þeirra á netföngin sem skráð eru í Innu. Einnig fylgja upplýsingar um aðgang að þráðlausa netinu MA-nemendur. Nemendur verða að sjálfsgöðu að halda vel utan um lykilorðin sín og deila þeim alls ekki með öðrum en forráðamönnum hugsanlega.

Hér skal aftur minnt á kynninguna á tölvuumhverfi MA sem haldin verður í Kvosinni kl. 13:00 þann 29. ágúst. Þá eru nýnemar hvattir til að koma með tölvur sínar og tæki og þiggja aðstoð við að koma þeim í samband við net og skrá sig inn í hin mismunandi kerfi. Þar með geta nemendur gengið beint til verka við upphaf skóla.

Inna

Innan er gagnagrunnur framhaldsskóla á Íslandi. Þangað sækja nemendur og forráðamenn ólögráða nemenda stundatöflur, mætingu, einkunnir og námsferil. Foreldrar nota Innu meðal annars ef þeir þurfa að tilkynna veikindi barna sinna.

Foreldrar geta sótt sér aðgang að Innu á <https://www.inna.is/Nemendur/> með því að pantu nýtt lykilorð. Þá fá þeir sent lykilorð á það netfang sem er skráð í Innu.

Á vef MA er hægt að kynna sér ýmislegt tengt námskránni, námsferla, markmið o.s.frv.

Office365

Menntaskólinn á Akureyri hefur frá sumrinu 2013 notast við skýjaþjónustu hjá Microsoft sem kallast Office365. Í gegnum áskrift MA að þjónustum Microsoft fá nemendur fullan aðgang að Office365 vefviðmóti með tölvupósti, OneDrive for business gagnaplássi, Skype for business samskiptakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Að auki fá nemendur í MA rétt til að nota öll helstu forrit Office 2016 (t.d. Word, Excel og PowerPoint) og geta sett þau upp á öllum sínum tækjum.

Þetta fyrirkomulag gerir öll tölvusamskipti milli notenda tölvukerfisins mun einfaldari því nú geta allir deilt með sér skjölum og jafnvel unnið samtímis í þeim án þess að upp komi árekstrar. Skjalavinnsla gegnum snjalltæki er nú sömuleiðis orðin mjög þægileg. Þetta verður nánar kynnt fyrir nemendum í skólabyrjun. Nemendur og forráðamenn fá á næstu dögum send notandanöfn og lykilorð að Office 365 og geta þá strax farið að koma sér fyrir í tölvukerfi skólans, sótt Office-pakkann inn á sínar tölvur o.s.frv.

Þráðlaust net

Í MA er öflugt þráðlaust net og gildir sama auðkenning fyrir það og Office 365. Hver nemandi ber fulla ábyrgð á þeirri netumferð sem fer fram í þeirra nafni.

Nemendur eru minntir á að þeim ber að tryggja það eftir bestu getu að fartölvur þeirra og tæki séu vel vírusvarin og smiti ekki út frá sér á neti skólans. Á þráðlausa netinu í MA njóta fartölvur forgangs og fá hraðara netsamband en snjalltæki eins og símar og spjaldtölvur. Nánari upplýsingar um tölvunotkun berast nemendum síðar í tölvupósti og á [vef tölvudeildar](#) og í [reglum skólans um tölvunotkun](#).

Prentun

Nemendur greiða fyrir útprentun í MA og hafa aðgang að prenturum í öllum húsum skólans gegnum prentumsjónarkerfið Papercut á slóðinni <http://prentun.ma.is>. Þar skrá nemendur sig inn með notandanafni (það birtist í þeim hluta netfangsins sem er fyrir framan @ma.is) og lykilorði og hlaða upp PDF-útgáfu af verkefninu sínu. Ein blaðsíða úr svarthvítum prentara kostar 10 krónur en hver litasíða kostar 20 krónur. Athugið að ef prentað er báðu megin á blaðið telur það sem tvær síður.

Allir nemendur fá prentkvóta inn á notandareikning sinn í upphafi annar sem nemur 25 svarthvítum blöðum. Ef nemandi prentar út eitt blað í svörtu dregst eitt blað frá en ef sama blað er prentað gegnum litaprentara fara tvö blöð af kvótanum. Þegar kvótinn er búinn eða nægir ekki fyrir því sem prenta á þarf viðkomandi nemandi að fara í afgreiðslu skólans og kaupa sér inneign. Eftir lokun afgreiðslunnar er einnig hægt að kaupa prentkvóta á bókasafninu.

Náms- og kennsluumhverfi

Náms- og kennsluumhverfið Moodle er töluvert notað við nám og kennslu í MA. Slóðin er <http://moodle.ma.is> en einnig er tengill þangað af vef MA. Þar nálgast nemendur lesefni og verkefni og skila gjarnan verkefnum eða lausnum þangað inn líka. Innskráning fer fram með notandanafni (án@ma.is) og MA-lykilorði.

Reglur um tölvunotkun:

Tölvur og snjalltæki geta verið mjög gagnleg við nám en reynslan er sú að notkun þeirra fylgir oft ónæði. Þetta á sérstaklega við um síma og önnur snjalltæki. Facebook og aðrir samskiptamiðlar, leikir, ómarkvisst flakk á netinu og annað þess háttar sem ekki tilheyrir náminu á ekki við í kennslustundum. Eftirfarandi reglur gilda um tölvu- og snjalltækjanotkun í MA:

1. Einkunnarorð skólans, virðing, víðsýni, árangur, gilda í öllu starfi skólans, einnig í allri meðferð samskiptatækja.
2. Kennarinn er verkstjóri og setur vinnureglur í kennslustundum.
3. Nemendur virða rétt félaga sinna til að stunda nám sitt ótruflaðir.
4. Tölvur, síma og önnur samskiptatæki má aðeins nota í kennslustundum ef kennari leyfir eða mælir svo fyrir.
5. Allar myndatökur og upptökur í kennslustundum eru óheimilar nema með leyfi kennara.

Námið

Námshgreinar

Nemendur á fyrsta ári eru flestir í sömu námshgreinum á haustönn en gátu við innritun í skólann valið milli frönsku og þýsku. Munurinn á námsbrautum eykst strax á vorönn á fyrsta ári og síðan enn frekar á öðru ári. Menningarläsi og náttúrulæsi eru stórir samþættir áfangar sem hafa verið kenndir frá 2010. Tæpur þriðjungur náms á fyrsta ári er helgaður þessum áföngum og er þeim ætlað að skerpa sýn og auka skilning nemenda á landi sínu, þjóð og tungu. Í menningarläsi fléttast saman nám í íslensku, félagsfræði og sögu en íslenska, líffræði, jarðfræði og landafræði fléttast saman í náttúrulæsinu. Upplýsingatækni er samofin allri verkefnavinnu með áherslu á samvinnu, frumkvæði og ábyrgð. Áfangarnir byggja að verulegu leyti á ferlivinnu í kennslustundum þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara.

Námshgögn

Hægt er að nálgast upplýsingar um bókalista á Innu og einnig á vef skólans. Mikilvægt er að útvega sér allt námsefni strax í upphafi annar.

Nemendur sem ekki hafa lært dönsku

Þeim er bent á að hafa samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara til að fá frekari upplýsingar.

Kennsla í dönsku hefst ekki fyrr en á öðru eða þriðja ári.

Nemendur sem þurfa aðstoð í námi

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða námsráðgjafa í upphafi skólaárs ef nemendur þurfa sérstaka aðstoð, hvort sem er í námi eða öðru. Upplýsingar um slíkt eru ekki sendar sjálfkrafa milli skólastiga.

Tónlist

Nemendur sem stunda nám í tónlist geta fengið afnot af kennslustofum utan skólatíma til að æfa sig á hljóðfærin sín. Skólinn á einnig flygil sem nemendur geta notað. Á töflunni á Langa gangi í Gamla skóla er hengd upp stundatafla og þar geta nemendur skráð sig vilji þeir festa sér stofu til æfinga.

Nemendur sem stunda tónlistarnám geta fengið það metið sem val eða brautskrást af kjörnámsbraut í tónlist ef þeir eru komnir vel áleiðis í tónlistarnámi við upphaf menntaskólanáms. Varðandi frekari upplýsingar um tónlistarbraut er hægt að hafa samband við námsráðgjafa eða brautarstjóra.

Námsmat

Nemendur fá kennsluáætlanir í öllum áföngum (í Moodle) í upphafi annar. Þar kemur fram námsefni, lýsing á yfirferð efnis á önninni, verkefni og námsmat. Próf eru haldin í lok annar og gilda þau yfirleitt 50-80%. Allmörgum áföngum lýkur án sérstaks lokaprófs, einkum á seinni árunum. Töluvert er um verkefni og stutt próf á önninni og er nauðsynlegt fyrir nemendur að skoða kennsluáætlanir vel í upphafi til að geta skipulagt vinnu sína á önninni. Í flestum greinum er gert ráð fyrir heimanámi og reynslan sýnir að slíkt sjálfsnám gagnast nemendum vel.

Námsmatsdagur

Skólaárinu er skipt í tvær annir sem lýkur með námsmati eða prófum. Einnig eru svokallaðir námsmatsdagur inn á miðri önn. Þá er ekki hefðbundin kennsla samkvæmt stundatöflu en tóm gefið fyrir nemendur til að vinna að verkefnum. Dagarnir eru einnig nýttir til sjúkraprófa ef þarf eða verkefnaskila og kennarar geta kallað nemendur inn til viðtals eða nemendur leitað aðstoðar hjá þeim varðandi verkefni.

Miðannarmat

Um miðja haustönn fá nemendur í 1. og 2. bekk svokallað miðannarmat, en það er óformlegra mat en lokaprófin og byggir oft á öðrum þáttum, en á engu að síður að geta gefið foreldrum og nemendum vísbendingu um stöðu nemandans í náminu. Matið er gefið í bókstöfum, A, G, S, O. Það er einungis stöðumat en hefur ekki áhrif á lokaeinkunn í áfanganum.

Í framhaldi af miðannarmatinu taka umsjónarkennarar nemendur í viðtal og námsráðgjafar hafa samband við foreldra þeirra nemenda sem taldir eru standa höllum fæti í náminu.

Námstími, þrjú til fjögur ár

Nýnemar sem hófu nám á fyrsta ári haustið 2016 voru fyrsti árgangurinn sem innrituðust í þriggja ára kerfi. Námskráin var lítillega endurskoðuð og breytt eftir þetta fyrsta ár, og meðal annars var einingum til stúdentsprófs fækkað um 10, úr 210 í 200 einingar. Allir nemendur byrja í jafnmörgum einingum á haustönn en strax á vorönn er möguleiki að fresta einum áfanga (breytilegt eftir brautum hvaða áfangi það er) ef heppilegra er að skipuleggja námið á þremur og hálfu ári eða fjórum árum. Það getur til dæmis verið góður kostur ef nemandi er í miklum íþróttum, tónlistarnámi eða félagsstarfi. Vissulega er námið krefjandi en með góðri ástundun eiga allir nemendur Menntaskólans að geta náð góðum árangri.

Skóladagurinn

Skóladagurinn hefst kl. 8:15 og stendur til 16:05 nema á föstudögum en þá lýkur kennslu kl. 14:30.

Skólareglur Menntaskólans á Akureyri

Almennar skólareglur

Kennarar og nemendur ræki störf sín í skólanum af alúð og árvekni.
Regla og agi skulu vera í skólanum til að friða um starf hans.
Góð umgengni skal höfð í húsum skólans og á lóð hans.

Reglur um bindindi

Áfengi og önnur vímuefni

Nemendur skólans mega ekki vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuvaldandi efna í skólanum eða á lóð hans né heldur á skemmtunum, samkomum eða ferðalögum sem farin eru á vegum skólans eða í nafni hans. Sé áminningu skólameistara ekki sinnt er nemandi vikið úr skóla.

Tóbakslaus skóli

Menntaskólinn á Akureyri er tóbakslaus skóli. Óheimilt er að reykja eða nota annað tóbak, þar með talið munntóbak og neftóbak, í húsum skólans og á lóð hans.
Mikið er lagt upp úr því að allar skemmtanir á vegum skólans séu vímulausar, s.s. busaball og árshátíð.

Umgengni

Góð umgengni innan og utan skóla er einkenni nemenda Menntaskólans á Akureyri. Stofur í skólanum eru opnar nemendum eftir skólatíma og það hefur verið mögulegt vegna góðrar umgengni. Hægt er að nýta stofurnar og bókasafnið til lærdóms.

Hegðun í tímum

Lögð er áhersla á að nemendur og kennarar sýni hverjir öðrum virðingu og tryggi í sameiningu vinnufrið og góða ástundun. Neysla matvæla er ekki heimil í kennslustofum og notkun á tölum er háð leyfi kennara. Ætlast er til að nemendur biðji um leyfi þurfi þeir nauðsynlega að fara fram meðan á kennslu stendur. Ástundun og vinnusemi í kennslustundum er forsenda góðs árangurs.

Reglur um skólasókn

Góð skólasókn er mikilvæg, ekki síst á fyrstu árunum í framhaldsskóla. Reynslan sýnir að það er sterk fylgni milli skólasóknar og námsárangurs í 1. bekk.
Mæting nemenda er skráð í [Innu](#) og er aðgengileg nemendum og forráðamönnum ólögráða barna. Inna sýnir annars vegar raunmætingu nemandans, það er hvaða tíma hann hefur sótt og hins vegar mætingu þegar veikindi hafa verið dregin frá.

Leyfi frá skóla:

Gert er ráð fyrir að nemendur sem þurfa að sinna erindum utan skóla geri það ekki á skólatíma. Lögráða nemendur og forráðamenn ólögráða nemenda geta sótt um leyfi til skólameistara eða aðstoðarskólameistara ef þeir þurfa að vera í burtu dag eða lengur. Nemendur fá skráðar fjarvistir þá daga sem þeir er í leyfi en með skýringum.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu:

- Nemandi mæti að öðru leyti vel í skólann

- Nemandi geri sér grein fyrir skyldum sínum og ábyrgð ef hann þarf að vera fjarverandi, meðal annars ræði við kennara fyrirfram ef leyfið lendir á verklegum tímum og verkefnaskilum. Sjá leyfisblað á bls. 15, og á vef skólans.

Fjarvera sem þessi er skráð sem Ú (útskýrð fjarvera) í INNU.

Leyfi vegna íþróttar:

Fjarvera afreksíþróttafólks á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, reiknast ekki inn í skólasókn þeirra (afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglíngalandslið eða landslið viðkomandi íþróttagreinar eða sá sem valinn hefur verið til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika í sinni íþróttagrein). Það sama gildir um nemendur sem eru í viðurkenndum ferðum á vegum skólans. ^[1]_[SÉP] Nemendur sem fara í keppnisferðir á vegum íþróttafélaga innan ÍSÍ geta fengið skráð leyfi fyrir sínum fjarvistum, ef þjálfarar skila inn leyfisbeiðni. Aðeins er hægt að taka tillit til þeirra leyfa ef nemandinn mætir vel að öðru leyti.

Þessar reglur gilda einnig um nemendur sem eru í viðamiklu tónlistarnámi og nemendur sem taka þátt í keppnum fyrir hönd skólans s.s. Morfís og Gettu betur.

Leyfi vegna ofangreinda þátta, auk annars félagslífs og jarðarfara eru skráð sem L (leyfi) í INNU.

Veikindi:

Foreldrar þurfa að skrá veikindi samdægurs (fyrir kl. 10) á Innu. Athugið að ekki dugir að nemandi tilkynni sjálfur veikindi. Einnig er mögulegt að senda póst á afgreidsla@ma.is.

Skólinn áskilur sér rétt til að krefjast þess að vottorði sé skilað, t.d. ef fjarvistir nemenda vegna veikinda eru miklar.

Veikindi í prófum:

Ef ekki kemur annað fram á kennsluáætlunum þarf nemandi sem er veikur þegar verkefni eða prófhluti til lokaprófs er á dagskrá að skila læknisvottorði fyrir þann dag, eigi síðar en einni viku frá því að nemandinn kemur í skólann á ný. **Alltaf þarf að skila inn vottorði vegna veikinda í próftíð til að eiga rétt á sjúkraprófi.**

Nemendur sem eiga við sjúkdóma að stríða eða búa við aðstæður sem geta haft áhrif á skólasókn þeirra, leggja fram gögn um slíkt í upphafi annar, og/eða þegar slíkar aðstæður koma upp, hjá námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara. Hægt er að sækja um það að í slíkum tilvikum sé skólasóknar ekki getið á námsferli.

Símat og vinnueinkunn:

Að jafnaði gilda sömu reglur um skólasókn í símatsáföngum og öðrum áföngum, en kennurum er heimilt að setja strangari skólasóknarreglur enda skiptir þátttaka og viðvera nemenda miklu í slíkum áföngum. Sérstakar reglur gilda um vægi skólasóknar í einkunn fyrir íþróttir.

Ábyrgð nemenda:

Nemendum ber sjálfum að fylgjast með skólasókn sinni í Innu. Ef nemandi þarf að vera mikið frá vegna íþróttar eða leyfa ber hann ábyrgð á því að fylgjast með hvað fram fer í kennslu á þeim tíma. Það sama á við um nemendur sem eru frá vegna skammvinnra veikinda. Nemendur sem glíma við samfelld eða erfið veikindi hafa samband við námsráðgjafa.

Heilsugæsluþjónusta

Engin heilsugæsla er í skólanum en nemendum er vísað á heimilislækni eða skólalækni og vistarbúar geta leitað til hjúkrunarfræðings þar.

Skólalæknir (fyrir utanbæjarnemendur) Menntaskólans á Akureyri er Magnús Ólafsson, heimilislæknir á Heilsugæslustöðinni á Akureyri.

Þá er vakin athygli á Unglingamóttöku Heilsugæslustöðvarinnar. Hún er opin unglíngum/ungu fólki á aldrinum 13 - 20 ára. Móttakan er ekki ætluð fyrir vottorðabeiðnir.

Hjúkrunarfræðingur er með viðtalstíma tvisvar í viku fyrir íbúa Heimavistar.

Dagatal

Á vef skólans má sjá [dagatal](#) skólans. En meðal viðburða á skólaárinu má nefna:

- Nýnemamóttaka verður með ýmsum hætti 4. – 7. september.
- Vettvangsferðir nemenda til Siglufjarðar (menningarlæsi) og Mývatnssveitar (náttúrulæsi).
- Árshátíð nemenda og fullveldisfagnaður er 24. nóvember. Undirbúningur árshátíðar er alfarið í höndum nemenda og metnaður þeirra mikill.
- Námsmatsdagar 25. október (sjá bls. 7).
- Haustannarpróf hefjast 13. desember. Sjúkra- og endurtökupróf í janúar og mögulega einhver lokapróf.
- Vorönn hefst 14. janúar og þá fá nemendur nýja stundaskrá.
- Námsmatsdagar 20. febrúar og 12. mars.
- Vorannarpróf eru 16. maí. Endurtökupróf standa til 6. júní.

Félagslíf nemenda – skólafélagið Huginn

Menntaskólinn á Akureyri hefur ævinlega lagt ríka áherslu á gott og fjölbreytt félagslíf. Skólafélagið Huginn heldur utan um þann þátt félagsstarfsins. Nemendur greidda félagsgjald til Hugins um leið og þeir greidda innritunargjaldið í skólann en kjósi þeir að vera ekki félagar geta þeir fengið gjaldið endurgreitt í skólabyrjun hjá fjármálastjóra skólans.

Fjöldmörg félög eru starfandi innan skólans undir hatti skólafélagsins. Þau stærstu og rótgrónustu eru íþróttafélagið (ÍMA), leikfélagið (LMA), dansfélagið (PRIMA), kórinn (SAUMA), tónlistarfélagið (TÓMA), skólablaðið (Muninn) auk fjölda annarra. Nýnemum er kynnt félagslífið fljótlega eftir skólabyrjun.

Flestir nemendur safnast saman í Kvos Menntaskólans í löngufrímínúttunum og þar eru viðburðir gjarnan auglýstir. Hringt er á Sal nokkrum sinnum á ári í Menntaskólanum á Akureyri. Þá koma allir nemendur skólans saman í Kvosinni á Hólum og hlýða á fyrirlestra eða syngja saman á söngsal.

Nemendur leggja metnað sinn í að hafa allar skemmtanir sem eru haldnar í nafni skólafélagsins áfengis- og vímuefnalausar.

Menntaskólinn á Akureyri er þátttakandi í verkefni Heilsueflandi framhaldsskóli líkt og flestir aðrir framhaldsskólar. Verkefnið er langtímaverkefni með áherslu á næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl.

Að lokum

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli og meginhlutverk hans er að búa nemendur undir nám á háskólastigi, auk þess að búa þá undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Það eru alltaf ákveðin viðbrigði fyrir nemendur að hefja nám í menntaskóla þrátt fyrir að nemendahópurinn sé sterkur og einkunnir hans vel yfir landsmeðaltali. Yfirferð er hraðari í ýmsum greinum en í grunnskóla og kröfur meiri um sjálfstæð vinnubrögð.

Nám í Menntaskólanum er full vinna og því brýnt að hvetja nemendur til að læra jafnt og þétt alla önnina. Þá er aðhald foreldra nemendum einnig mikilvægt. Góð vinnubrögð sem nemandi tileinkar sér strax á fyrstu önn nýtast honum alla skólagönguna.

**Hlökkum til að eiga samstarf við ykkur,
starfsfólk Menntaskólans á Akureyri**



Ljósmynd: Auðunn Níelsson

Frá náms- og starfsráðgjöfum

Við skólann eru starfandi tveir náms- og starfsráðgjafar, Heimir Haraldsson og Lena Rut Birgisdóttir. Viðtalstímar þeirra og símatímar eru auglýstir á [vef skólans](#) og á auglýsingatöflum í skólanum. Hægt er að panta tíma í síma 455-1555 eða senda námsráðgjöfunum tölvupóst. Skrifstofur þeirra eru í kjallara í Gamla skóla.

Þjónusta námsráðgjafa stendur öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða. Hvort sem erindið er stórt eða smátt eru nemendur og foreldrar þeirra ávallt velkomnir. Námsráðgjafinn er málsvari og trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra.

Hlutverk námsráðgjafa, líkt og annarra starfsmanna skólans, er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá í námi og aðstoða við val á framhaldsnámi. Þeir sinna ráðgjöf við nemendur og foreldra þeirra og veita upplýsingar um m.a.:

- Námsval
- Tímastjórnun
- Ákvarðanatöku
- Áhugasvið – áhugasviðskannanir
- Samskipti
- Persónuleg mál
- Prófkvíða
- Námsörðugleika
- Lestrarferfiðleika

Kristín Elva Viðarsdóttir sálfræðingur sér, ásamt náms- og starfsráðgjöfum, um nýnemafræðslu. Auk þess er hún með námskeið og viðtöl við nemendur. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur geti pantað tíma beint hjá sálfræðingi heldur fer það í gegnum náms- og starfsráðgjafa.

Að lokum hvetjum við ykkur til að nýta ykkur þá þjónustu sem við höfum upp á að bjóða - þó að börnin ykkar séu komin í framhaldsskóla þurfa þau á stuðningi og aðhaldi að halda og er það sameiginlegt verkefni heimila og skóla að standa vörð um velferð þeirra.

Með ósk um gott samstarf,

Heimir Haraldsson, heimir@ma.is

Kristín Elva Viðarsdóttir, kristinelva@ma.is

Lena Rut Birgisdóttir, lena@ma.is

Umsókn um tímabundið leyfi frá skóla

Nafn: _____ Bekkur: _____

Kennitala: _____ Tímabil leyfis: _____

Braut: _____ Mæting á önninni : _____

Hver er ástæða fyrir fjarveru frá skóla: _____

Hversu mörgum kennsludögum missir nemandi af: _____

- ✓ Forsenda fyrir leyfisveitingu er að raunmæting nemanda sé með þeim hætti að hann geti átt kost á (með góðri mætingu eftir fjarveruna) að halda yfir 90% skólasókn á önninni þrátt fyrir tímabundna fjarveru frá skóla.
- ✓ Umsókn þarf að skila inn eigi síðar en viku áður en nemandi þarf að fá leyfi.
- ✓ Tilgreina þarf hvaða verkefnum eða prófum nemandi mun missa af (samkvæmt námsáætlun).
- ✓ Nemandi skal ræða við alla kennara sína og láta vita af fjarveru frá skóla og í samráði við kennara ákveða hvernig og/eða hvenær nemandinn vinnur þau verkefni eða próf sem áætluð eru á meðan nemandinn er fjarverandi.
- ✓ **Standi nemandi ekki að fullu við þau atriði sem samið var um fyrir leyfisveitingu fær viðkomandi ekki leyfi frá skóla.**

Taka skal fram í hvaða námsgreinum þau verkefni/próf eru sem nemandi missir af og hvernig eða hvenær námsmati í þeim verkefnum verði háttað.

Undirskrift nemanda _____ Dagsetning: _____

Undirskrift foreldra _____ Dagsetning: _____